

Alþingi
Nefndasvið
b.t. velferðarnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
Sent rafrænt á nefndasvið@althingi.is

Reykjavík, 2. desember 2020

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002 (refsing við tálmun eða takmörkun á umgengni). 151. löggjafarþing 2020-2021. Þingskjal 104 - 103. mál.

Félagsráðgjafafélag Íslands þakkar tækifærið til að gera umsögn um frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum (refsing við tálmun eða takmörkun á umgengni). Félagsráðgjafar eru ein þeirra lykilfagstétta sem starfa í barnavernd og sem sérfræðingar í málefnum barna hjá Sýslumannsembættinu.

Um er að ræða frumvarp sem kom fram á 146. löggjafarþingi (426. mál) en hlaut ekki afgreiðslu, lagt fram að nýju á 149. löggjafarþingi (126. mál) og á 150. löggjafarþingi (123. mál) og er nú endurflutt. Félagsráðgjafafélag Íslands hefur áður veitt umsögn vegna málsins með bréfum dags. 29. október 2019 og 26. maí 2017. Í umsögnum hefur félagið bent á að með breytingum á barnalögum nr. 76/2000 sem áttu sér stað árið 2012 var vinnsla umgengnismála, sem áður komu til umsagnar hjá barnaverndarnefndum, alfarið færð til sýslumannsembætta. Kom fram það mat félagsins að sú breyting hafi orðið til bóta fyrir vinnslu umsagnarmála því með vinnslu mála bæði hjá sýslumannsembættum og barnaverndarnefndum hafi verkaskipting oft á tíðum verið óljós. Starfsfólk barnaverndarnefnda hafi unnið umsagnarmál á grundvelli barnalaga en ekki barnaverndarlaga og mögulegt að málefni sama barns væri jafnframt til vinnslu á grundvelli barnaverndarlaga á sama tíma, sem gat gert málin enn flóknari, sérstaklega fyrir málsaðila. Bent var á það að ef frumvarpið yrði að lögum myndi það flækja vinnslu umgengnismála þar sem vinnslan færðist aftur á tvær hendur.

Í greinargerð með frumvarpinu er vísað til réttinda barna skv. barnalögum nr. 76/2003 og barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að þekkja og umgangast báða foreldra sinna og skyldu foreldra skv. barnalögum að tryggja að þessi réttur sé virtur. Einnig er vikið að því að við ákvarðanir um málefni og ráðstafanir sem varða börn, skuli það sem barni er fyrir bestu að hafa forgang. Það er erfitt að rökstyðja það með vísan í barnasáttmála Sameinuðuþjóðanna að það geti verið bestu hagsmunir barna að koma á umgengni við foreldri sem barn býr ekki hjá með því að beita ákvæðum 98. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Hér er um að ræða grein sem beitt er gagnvart aðilum sem misþyrma barni í

sinni umsjá andlega eða líkamlega, misbjóða því kynferðislega eða á annan hátt, vanrækja það andlega eða líkamlega þannig að lífi eða heilsu þess er hætta búin og getur varðað fangelsi allt að fimm árum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Það er hæpið að leggja tálmun á umgengni að jöfnu við svo alvarlegar ásakanir.

Jafnframt er vísað til þess í greinargerð með frumvarpinu að málsmeðferð hjá sýslumanni geti verið bæði tímafrek og kostnaðarsöm en vert er að hafa í huga að málsmeðferð hjá barnaverndarnefndum er ekki síður tímafrek og kostnaðarsöm og það getur orðið til þess að auka á flækjustigið að færa málsmeðferð aftur til tveggja stofnana. Álag á starfsfólk barnaverndarnefnda landsins er mjög mikið og hefur verið um árabíl og ekki líklegt að það stytti málsmeðferðartímann að ætla þeim aukið hlutverk að nýju. Yrði frumvarpið að lögum þyrfti að fjölga starfsfólki í barnavernd til að ná markmiðum þess. Skynsamlegra væri að auka aðgengi að félagsráðgjöfum innan stofnana samfélagsins, svo sem skóla, heilsugæslu og félagsþjónustu auk sjálfstætt starfandi félagsráðgjafa til að tryggja stuðning á fyrri stigum í ferlinu. Þannig mætti fækka málum hjá sýslumannsembættum og gera þeim kleift að sinna alvarlegustu málunum er varða tálmannir á umgengni á fljótari og skilvirkari hátt.

Það getur varla verið barni fyrir bestu að taka það úr umsjá foreldris og svipta það samvistum við foreldri meðan því væri gert að afplánaða fangelsisvist vegna tálmunar á umgengni. Hér er um að ræða flókið og viðkvæmt úrlausnarefni sem betra er að leysa án slíkra úrræða. Í þeim tilvikum þar sem grunur er um að börn búi við vanrækslu og ofbeldi eiga ákvæði barnaverndarlaga nr. 80/2002 við hér sem endra nær. Vonir standa til þess að sú vinna sem stendur yfir á vegum stjórnvalda er varðar farsæld barna geti stuðlað að úrbótum á þessu sviði ekki síður en öðrum sem snerta málefni barna.

Félagsráðgjafafélag Íslands er tilbúið að fylgja athugasemdum sínum eftir sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,
f.h. stjórnar Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann
formaður